

3. gr.

123

12. júlí

Nú ætlar maður af landi brott, en þó ekki til langdvalar skv. 2. gr., og skal honum þá skylt að greiða áður en hann fer úr landi skatta sína og útsvör til brottfarardags, eða tryggja greiðslu á þeim eftir reglum þessarar greinar.

1. Skatta og útsvör vegna undanfarinna skattára (útsvarsára) skal honum skylt að greiða að fullu, eða — ef innheimtumenn telja það nægja — setja fyrir þeim tryggingu.
2. Skatta og útsvör fyrir þann hluta brottfararársins, sem liðinn er við brottför, skal hann tryggja með greiðslu inn á biðreikning hjá innheimtumönnum, eða — ef innheimtumenn telja það nægja — setja fyrir þeim aðra tryggingu. Sé krafizt greiðslu inn á biðreikning, skal upphæð greiðslunnar ákveðin hlutfallslega eftir dvöl gjaldanda í landinu á brottfararárinu og gjöldum hans fyrir síðastliðið skattár, nema ástæða þyki til að ákveða hana hærrí eða lægri vegna breytinga á hag gjaldanda.

Víkja má frá ákvæðum þessarar greinar, telji innheimtumenn eigi þörf sérstakrar tryggingar, eða sérstaklega stendur á.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 11. gr. laga nr. 96 frá 9. desember 1946 og öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytið, 12. júlí 1947.

Jóhann P. Jósefsson.

Magnús Gíslason.

AUGLÝSING

124

16. júlí

um breyting á hafnarreglugerð fyrir Vestmannaeyjakaupstað, nr. 70 3. ág. 1926.

1. gr.

1. mgr. a-liðar 14. gr. hafnarreglugerðarinnar orðist svo:

Allar fleytur, sem heima eiga í Vestmannaeyjum, skulu greiða lestargjald, einu sinni á ári, 1. maí, kr. 20.00 fyrir hvert tonn af brúttóstærð fleytunnar, þó aldrei minna en kr. 150.00 á ári. Umræddar fleytur skulu ekki hér eftir greiða festar- og uppsátursgjald, svo sem 16. gr. hafnarreglugerðar mælir fyrir um.

2. gr.

Reglugerðarbreyting þessi öðlast þegar gildi.

Reglugerðarbreyting þessi, sem bæjarstjórn Vestmannaeyjakaupstaðar hefur samið og samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 29, 23. apríl 1946, um hafnargerðir og lendingarbætur, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Reglugerð nr. 103 15. október 1932, um breyting á hafnarreglugerðinni, fellur jafnframt úr gildi.

Samgöngumálaráðuneytið, 16. júlí 1947.

Emil Jónsson.

Páll Pálmason.